

Könnun á gæðum fjarnáms og fjarkennslu

Skýrsla fjarnámsstjóra

Sigurlaug Kristmannsdóttir

4/11/2009

Könnun á gæðum fjarnáms og fjarkennslu var lögð fyrir fjarnemendur á vorönn 2009. Þeir höfðu sex vikur til að taka þátt í könnuninni og í lokin voru niðurstöðurnar teknar saman í þessa skýrslu.

Efnisyfirlit

Blaðsíðutal

Könnun á gæðum fjarnáms og fjarkennslu	3
Áfangar sem voru skoðaðir	4
Niðurstöður.....	5
Mér finnst vinnan í áfanganum.....	6
Vinnan í áfanganum að meðaltali í viku hverri	7
Einnar einingar áfangar.....	8
Tveggja eininga áfangar	8
Þriggja eininga áfangar.....	9
Mér finnst verkefnaskil í áfanganum	11
Mér finnst kennslubók áfangans.....	12
Mér finnst gögn sem eru í kennslukerfinu	13
Mér finnst útskýringar kennara á námsefninu.....	14
Mér finnst skipulag áfangans í kennslukerfinu	15
Þegar ég sendi kennara bréf (í umræðum eða pósti) í kennslukerfinu, svarar hann að jafnaði.....	16
Hvað er vel gert í áfanganum?	17
Hvað mætti betur fara í áfanganum?	20
Fjarnám og fjarkennsla í VÍ.....	25
Viðauki 1.....	26
Viðauki 2.....	28

Könnun á gæðum fjarnáms og fjarkennslu

Könnun á gæðum fjarnáms og fjarkennslu var lögð fyrir fjarnemendur Verzlunarskóla Íslands þann 4. mars 2009 og höfðu þeir sex vikur til að taka þátt í henni. Þetta er í annað sinn sem slík könnun er lögð fyrir þennan nemendahóp, sú fyrsta var lögð fyrir á haustönn 2008. Sama könnun var lögð fyrir nemendur báðar annirnar. Könnunin er einföld og spurningum stillt í hóf og því meiri líkur taldar á að nemendur taki þátt. Könnunin er birt í [viðauka 1](#) með þessari skýrslu.

Könnunin var lögð fram sem gagnvirk æfing (Survey) í sérstökum áfanga í kennslukerfinu (WebCT). Til að auðvelda nemendum að finna könnunina var áfanginn nefndur „Könnun á gæðum fjarnáms og fjarkennslu“. Gerð var ein gagnvirk æfing fyrir hvern áfanga sem er í boði í fjarnámi VÍ á þessari önn og skráðir nemendur í hvern áfanga settir í hverja þeirra. Með því móti sá nemandi sem fór inn í áfangann aðeins gagnvirkar æfingar sem tengdust áföngum sem hann er skráður í á þessari önn. Hver nemandi gat aðeins gert hverja æfingu einu sinni og ekki var hægt að sjá hver átti hvaða úrlausn. Í kennslukerfinu varð til ein skrá fyrir úrlausnir hvers áfanga og voru þær fluttar úr kennslukerfinu til úrvinnslu.

Nemendur fengu tölvupóst fjórum sinnum til að gera þeim grein fyrir þessari könnun og hvetja þá til þátttöku. Í lokin tók svo fjarnámsstjóri saman niðurstöður í skýrslu þá sem hér birtist. Skýrslan verður vistuð í kennslukerfinu á tveimur stöðum: Í „Gagnasmiðju“ fyrir fjarkennara og á „Marmaranum“ fyrir fjarnemendur. Niðurstöður fyrir hvern áfanga verða svo sendar viðkomandi kennara í tölvupósti. Skólastjóri á kost á að sjá allar niðurstöður, óski hann eftir því.

Gert er ráð fyrir því að leggja slíka könnun fyrir nemendur á haust- og vorönnum. Sumarönn er ekki tekin með þar sem hún er styttri en aðrar annir og próf byrja strax að lokinni síðustu kennsluviku. Hvorki gæfist því tími til að leggja slíka könnun fyrir, né að vinna úr henni.

Áfangar sem voru skoðaðir

Á vorönn 2009 eru 890 nemendur skráðir í 1914 áfanga og af þeim var mat gefið á 389 áföngum. Þetta er 20,3% þátttaka. Til samanburðar má geta þess að á haustönn 2008 var sambærileg tala 11%.

Alls var lagt mat á 113 (92,4%) áfanga, en 144 áfangar eru kenndir í fjarnámi á vorönn 2009. Af þessum 144 áföngum eru 6 „huldufjarnáms-áfangar“ (áfangar kenndir án þess að vera í boði) og var nemendum ekki gefinn kostur á að meta þá. Í töflu 1 er gerð grein fyrir hvaða áfangar voru skoðaðir og hversu margir nemendur lögðu mat á þá. Flestir skoðuðu ENS203, en það er fjölmennasti áfanginn sem kenndur er á vorönn 2009.

Fjöldi	Áfangi	Fjöldi	Áfangi	Fjöldi	Áfangi	Fjöldi	Áfangi
ALÞ102	2	FÉL203	3	MAR103	4	STÆ202	1
ALÞ203	1	FÉL313	4	MEN103	1	STÆ203	10
ALÞ302	1	FJÖ103	2	MEN203	2	STÆ303	2
BÓK113	7	FRA102	1	NAT123	5	STÆ313	3
BÓK201	2	FRA202	1	NÁT103	4	STÆ363	1
BÓK213	2	FRA212	1	NÁT113	5	STÆ403	3
DAN102	1	FRA503	1	REK103	1	STÆ503	2
DAN103	4	HEI203	1	REK203	3	STÆ563	2
DAN202	5	HEI303	1	SAG103	7	STÆ603	2
DAN203	2	ÍSL102	4	SAG143	1	TÖL103	1
DAN212	5	ÍSL103	4	SAG163	2	TÖL113	1
EÐL103	9	ÍSL202	8	SAG203	3	TÖL203	1
EÐL113	1	ÍSL203	3	SAG303	5	TÖN102	1
EÐL303	3	ÍSL212	5	SÁL103	4	TÖN112	7
EFN103	5	ÍSL303	8	SÁL203	2	UPP103	3
EFN203	2	ÍSL403	5	SÁL303	1	VÉL101	4
EFN303	1	ÍSL503	7	SÁL403	3	ÞJÓ113	4
ENS102	2	ÍSL613	1	SÍÐ102	1	ÞJÓ202	1
ENS103	5	ÍSL633	2	SÍÐ102	1	ÞÝS102	2
ENS202	9	ÍÞR102	1	SPÆ102	3	ÞÝS103	4
ENS203	17	JAR103	4	SPÆ103	5	ÞÝS203	1
ENS212	5	JAR203	1	SPÆ203	7	ÞÝS212	1
ENS303	7	LAN103	7	SPÆ303	2	ÞÝS303	1
ENS403	9	LIS103	3	SPÆ403	2	ÞÝS403	9
ENS423	5	LÍF103	1	SPÆ503	1	ÞÝS503	2
ENS433	1	LÍF113	3	STJ103	1	ÞÝS603	2
ENS503	6	LÍF203	2	STÆ102	7	Alls	389
ENS603	4	LOL103	5	STÆ103	8		
FÉL103	2	LÖG103	10	STÆ122	3		


Tafla 1 sýnir áfanga sem voru metnir í könnun um gæði fjarnáms og fjarkennslu. Tölurnar við hvern áfanga sýna fjölda nemenda sem lagði mat á viðkomandi áfanga.

Niðurstöður

Niðurstöður voru teknar saman í heild sinni fyrir alla áfanga og verður nú gerð grein fyrir þeim. Farið verður í hvern lið í sömu röð og þeir komu fyrir í könnuninni. Í [viðauka 2](#) eru allar tölulegar niðurstöður birtar fyrir haustönn 2008 og vorönn 2009. Þessar tölur liggja til grundvallar úrvinnslunni sem hér fer á eftir.

Mér finnst vinnan í áfanganum


Alls voru 387 nemendur sem gáfu álit á: „Mér finnst vinnan í áfanganum“. 40,3% þeirra sem tóku þátt telja vinnuna í áfanganum vera mikla eða mjög mikla og 55% telja hana vera hæfilega. Samanlagt eru þetta 95,3% þátttakenda. 4,7% þeirra sem tóku þátt telja vinnuna hins vegar vera litla eða of litla. Sjá mynd 1. Þessar niðurstöður eru samhljóma niðurstöðum frá því síðastliðið haust um mat nemenda á vinnu í áföngum.



Mynd 1 sýnir hvernig nemendur gerðu grein fyrir liðnum „Mér finnst vinnan í áfanganum“. Niðurstöður eru birtar sem % fjöldi nemenda sem svöruðu spurningunni.

Vinnan í áfanganum að meðaltali í viku hverri

Alls gáfu 384 nemendur álit sitt á: „Vinnan í áfanganum að meðaltali í viku hverri“. Tæplega 30% nemenda verja 3-5 tímum á viku hverri í námið, um 28% 1-3 tímum og rúmlega 25% 5-7 tímum. Sjá mynd 2.



Mynd 2 sýnir hvernig nemendur gerðu grein fyrir liðnum „Vinnan í áfanganum að meðaltali í viku hverri“. Niðurstöður eru birtar sem % fjöldi nemenda sem svöruðu spurningunni.

Það vekur athygli að síðastliðið haust mátu nemendur vinnu sína að meðaltali í viku hverri meiri en á vorönn 2009. Á haustönn sögðust um 14% nemenda verja 1-3 tímum í hvern áfanga að meðaltali í viku hverri, tæplega 35% nemenda vörðu 3-5 tímum í áfanga á viku og 32% 5-7 tímum.

Námsefni er sett fram í 10 námspökkum í hverjum áfanga á hverri önn. Gert er ráð fyrir að hver námspakki samsvari vinnu í eina viku. Haustönn er lengri en vorönn og því getur verið að nemendur meti vinnu sína að meðaltali í viku hverri minni á haustönn en á vorönn.

Mikilvægt er að fylgjast með þessu og sjá hvað kemur út úr sambærilegri könnun sem gerð verður næsta haust, áður en fullyrt er að vinnuframlag nemenda í fjarnáminu fari minnkandi.


Áfangarnir eru misstórir svo það er nauðsynlegt að rýna betur í þessar tölur. Verður því reynt að sundurliða vinnu nemenda eftir því hvort þeir eru í áföngum sem eru ein, tvær eða þrjár einingar.

Einnar einingar áfangar

Aðeins sex nemendur gáfu álit sitt á vinnu í einnar eininga áfanga og töldu þrjú þeirra hana vera 1-3 tímar að meðaltali á viku hverri, einn mat vinnu sína sem 3-5 tíma, annar sem 5-7 tíma og einn meira en 9 tíma. Ef tekin eru miðgildi úr þessum bilum og gildið 10 notað fyrir „Meira en 9 tímar“, fæst vegið meðaltal 4,333 klst sem vinna í einnar einingar áfanga að meðaltali á viku hverri.

Tveggja eininga áfangar


78 nemendur gáfu álit sitt á vinnu í tveggja eininga áfanga að meðaltali í viku hverri og töldu 26% þeirra hana vera á bilinu 1-3 tímar á viku og sami fjöldi að hún væri 3-5 tímar á viku. Sjá mynd 3. Ef tekin eru miðgildi úr þessum bilum og gildið 10 notað fyrir „Meira en 9 tímar“, fæst vegið meðaltal 5,128 klst. Miðað við vinnu fyrir hverja einingu gefur það 2,564 klst að meðaltali á viku.



Mynd 3 sýnir hvernig nemendur gerðu grein fyrir vinnu sinni í tveggja eininga áfanga að meðaltali í viku hverri. Niðurstöður eru birtar sem % fjöldi nemenda sem svöruðu spurningunni.

Þriggja eininga áfangar

300 nemendur gáfu álit sitt á vinnu í þriggja eininga áfanga að meðaltali í viku hverri og töldu 30% hana vera á bilinu 3-5 tímar á viku. 27% nemenda töldu hana vera 1-3 tímar á viku og sami fjöldi taldi hana vera 5-7 tímar á viku. Sjá mynd 4. Ef tekin eru miðgildi úr þessum bilum og gildið 10 notað fyrir „Meira en 9 tímar“, fæst vegið meðaltal 4,660 klst. Miðað við vinnu fyrir hverja einingu gefur það 1,553 klst að meðaltali á viku.



Mynd 4 sýnir hvernig nemendur gerðu grein fyrir vinnu sinni í þriggja eininga áfanga að meðaltali í viku hverri. Niðurstöður eru birtar sem % fjöldi nemenda sem svöruðu spurningunni.

Þess má geta að nemendum hefur verið gefið það viðmið að fyrir hverja einingu í fjarnámi megi gera ráð fyrir þriggja tíma vinnu að meðaltali á viku. Tölurnar sem okkar fjarnemendur í tveggja og þriggja eininga áföngum gefa eru að meðaltali lægri en það.

Ef marka má þessar tölur, telja nemendur vinnuna í litlu áföngunum vera hlutfallslega meiri en í stóru áföngunum. Hafa ber þó í huga að á bak við tölur fyrir einnar eininga áfanga liggur mat 6 nemenda.


Forvitnilegt er að bera tölur frá vorönn 2009 saman við tölur frá haustönn 2008. Þar kemur fram að mat nemenda á vinnu í tveggja eininga áföngum virðist vera svipað á vorönn og haustönn. Mat nemenda á vinnu í þriggja eininga áföngum er mun lægra á vorönn en haustönn. Sjá upplýsingar í töflu 2.

Áfangi	Vinna að meðaltali á viku	Viðmiðunartími	Vinna að meðaltali á viku per einingu á V09	Vinna að meðaltali á viku per einingu á H08
1 eining	4,333 klst	3 klst	4,333 klst	2,667 klst
2 einingar	5,128 klst	6 klst	2,564 klst	2,435 klst
3 einingar	4,660 klst	9 klst	1,553 klst	1,823 klst

Tafla 2 sýnir mat nemenda á vinnu sinni að meðaltali í viku hverri miðað við stærð áfanga. Í aftasta dálknum koma fram tölur frá haustönn 2008. Viðmiðunartími sem gefinn er út er sýndur til samanburðar.

Mér finnast verkefnaskil í áfanganum


Alls voru 385 sem gáfu álit sitt á: „Mér finnast verkefnaskil í áfanganum“. Langflestir sem tóku þátt í könnuninni, eða 67,3%, telja verkefnaskil í áfanga vera hæfileg. 15,6% telja verkefnavinnu vera mikla eða mjög mikla og svipað hlutfall telur verkefnavinnu vera litla eða mjög litla. Sjá mynd 5. Niðurstöður frá haustönn 2008 voru sambærilegar.



Mynd 5 sýnir hvernig nemendur gerðu grein fyrir liðnum „Mér finnast verkefnaskil í áfanganum“. Niðurstöður eru birtar sem % fjöldi nemenda sem svöruðu spurningunni.

Mér finnst kennslubók áfangans


Alls voru 383 sem gáfu álit sitt á: „Mér finnst kennslubók áfangans“. Langflestir sem tóku þátt í könnuninni, eða 55,9%, töldu kennslubókina vera mjög góða eða góða. 30,0% töldu kennslubókina hins vega vera sæmilega og 14,1% töldu hana lélega og mjög lélega. Sjá mynd 6. Niðurstöður frá haustönn 2008 voru sambærilegar.



Mynd 6 sýnir hvernig nemendur gerðu grein fyrir liðnum „Mér finnst kennslubók áfangans“. Niðurstöður eru birtar sem % fjöldi nemenda sem svöruðu spurningunni.

Mér finnast gögn sem eru í kennslukerfinu


Alls voru 382 sem gáfu álit sitt á: „Mér finnast gögn sem eru í kennslukerfinu“. Langflestir sem tóku þátt í könnuninni, eða 63,6%, töldu gögnin í kennslukerfinu vera mjög góð eða góð. 26,2% töldu gögnin í kennslukerfinu vera sæmileg og 10,2% töldu þau vera léleg og mjög léleg. Sjá mynd 7. Niðurstöður frá haustönn 2008 voru sambærilegar.



Mynd 7 sýnir hvernig nemendur gerðu grein fyrir liðnum „Mér finnast gögn sem eru í kennslukerfinu“. Niðurstöður eru birtar sem % fjöldi nemenda sem svöruðu spurningunni.

Mér finnast útskýringar kennara á námsefninu


Alls voru 383 sem gáfu álit sitt á: „Mér finnast útskýringar kennara á námsefninu“. Langflestir sem tóku þátt í könnuninni, eða 61,9%, töldu útskýringar kennara á námsefninu vera mjög góðar eða góðar. 26,9% töldu útskýringarnar vera sæmilegar og 11,2% töldu þær vera lélegar og mjög lélegar. Sjá mynd 8. Niðurstöður frá haustönn 2008 voru sambærilegar.



Mynd 8 sýnir hvernig nemendur gerðu grein fyrir liðnum „Mér finnast útskýringar kennara á námsefninu“. Niðurstöður eru birtar sem % fjöldi nemenda sem svöruðu spurningunni.

Mér finnst skipulag áfangans í kennslukerfinu


Alls voru 383 sem gáfu álit sitt á: „Mér finnst skipulag áfangans í kennslukerfinu“. Langflestir sem tóku þátt í könnuninni, eða 67,4%, töldu skipulagið vera mjög gott eða gott. 20,4% töldu skipulagið vera sæmilegt og 12,3% töldu það vera lélegt og mjög lélegt. Sjá mynd 9. Niðurstöður frá haustönn 2008 eru sambærilegar.



Mynd 9 sýnir hvernig nemendur gerðu grein fyrir liðnum „Mér finnst skipulag áfangans í kennslukerfinu“. Niðurstöður eru birtar sem % fjöldi nemenda sem svöruðu spurningunni.

Pegar ég sendi kennara bréf (í umræðum eða pósti) í kennslukerfinu, svarar hann að jafnaði

Alls voru 364 sem gáfu álit sitt á: „Þegar ég sendi kennara bréf (í umræðum eða pósti) í kennslukerfinu, svarar hann að jafnaði“. Langflestir sem tóku þátt í könnuninni, eða 62,9%, segja kennara svara að jafnaði innan tveggja virkra daga. Sambærileg tala á haustönn 2008 var 51,9%. 20,3% segja kennara svara innan þriggja virkra daga og 7,7% innan fjögurra virkra daga. 3,3% segja kennara svara að jafnaði innan fimm virkra daga. Sambærileg tala frá haustönn 2008 var 8,7%. 5,8% nemenda segja kennara svara að jafnaði eftir fimm virka daga en 8,2% gáfu sama svar á haustönn 2008. Sjá mynd 10.



Mynd 10 sýnir hvernig nemendur gerðu grein fyrir liðnum „Þegar ég sendi kennara bréf (í umræðum eða pósti) í kennslukerfinu, svarar hann að jafnaði“. Niðurstöður eru birtar sem % fjöldi nemenda sem svöruðu spurningunni.

Hvað er vel gert í áfanganum?

Alls voru 266 nemendur sem svöruðu spurningunni: „Hvað er vel gert í áfanganum“. Rúmlega 8% þeirra sem svöruðu töldu allt í áfanganum vera vel gert og ekki væri hægt að nefna neitt sérstakt þar. Tæplega 2% þeirra sem svöruðu töldu hins vegar ekki vera hægt að nefna neitt í áfanganum sem vel væri gert, þessir nemendur voru óánægðir með flest. Hinir, tæplega 90% nemendanna, tiltóku ýmislegt sem vel væri gert í áfanganum og voru svör þeirra flokkuð niður eftir áhersluatriðum til að fá sem besta mynd af þeim. Flokkarnir eru 7 og nefnast: Kennari, Námsáætlun, Námsefni, Samskipti, Skipulag, Sveigjanleiki og Verkefni.

Á haustönn 2008 voru flokkarnir 9, allir sem hér eru taldir og að auki flokkar sem voru kallaðir *Leiðbeiningar* og *Umræður*. Þessir flokkar eru ekki teknir með að þessu sinni, þar sem þeir fjalla efnislega um það sama og flokkar sem fyrir eru. Efni flokks sem á haustönn 2008 var nefndur *Leiðbeiningar*, tengist útskýringum kennara og fellur því undir flokkinn *Kennari*. Á sama hátt fellur efni flokksins *Umræður* undir flokkinn *Samskipti*.

Þegar þessi flokkaskipting er skoðuð þarf að hafa í huga að kennarinn kemur auðvitað við sögu í öllum flokkum, því það er vinnan hans sem skilar sér til nemandans í gegnum allt sem á vegi hans verður í kennslukerfinu.

Hér kemur umfjöllun um flokkana 7 og fyrstir nefndir þeir flokkar sem flestir tiltóku sem dæmi um það sem vel væri gert. Einnig eru birt dæmi um umsagnir nemenda, valin af fljótfærni úr fjölmörgum umsögnum sem allar gætu staðið í skýrslu þessari. Texti frá nemendum er tekinn nær óbreyttur (innsláttarvillur lagaðar) og öll atriði sem tiltekinn nemandi nefnir látin standa, þó þau eigi við efni margra flokka.

1. Skipulag: Skipulagið skýrt, auðvelt að átta sig á því sem á að gera, hvaða verkefnum á að skila og hvenær og auðvelt að rata um áfangann í kennslukerfinu. Dæmi frá nemendum um það sem vel er gert:

„Vel skipulagður og viðráðanlegur og áhugaverður áfangi.“

„Ég hef verið í fjarnámi frá öðrum skóla og þegar ég hef nú fengið samanburðinn þá er skipulagið hér á bæ mun betra.“

„Mér finnst gengið mjög vel frá öllu sem tengist fjarnáminu í heild hjá ykkur, hef verið annars staðar í fjarnámi og þar var námið alls ekki eins vel skipulagt.“

„Mér finnst áfanginn sá allra besta sem ég hef tekið í fjarnáminu hér. Mjög góðar útskýringar, glósur og allt sem maður þarf. Mjög vel skipulagt og auðvelt að finna allt. og kennarinn er fljótur að svara manni. Þessi áfangi er alveg til fyrirmyndar.“

„Skipulagið á náminu frá kennurum, hvernig það er upp sett, hvernig kennarinn útskýrir efnið á auðveldan hátt, hvernig kennarinn er alltaf til staðar til að hjálpa, það að maður geti tekið áfangan samhliða öllu öðru og aðlagð það að sínu lífi en ekki þurfa að mæta í tíma.“

2. Kennari: Auðvelt er að finna fyrir nærveru kennarans í kennslukerfinu. Kennarinn útskýrir allt mjög vel, hann er hvetjandi og hrósar og reynir allt til þess að hjálpa. Dæmi frá nemendum um það sem vel er gert:

„Allt. Frábær kennari sem hefur mannlegan skilning.“

„Kennarinn er duglegur að fylgjast með nemendum og hjálpa manni ef maður strandar.“

„Maður er minntur á verkefnaskil og mikilvægi þess að skila þeim á réttum tíma. Þau eru alltaf líka á mjög augljósum stöðum og það er auðvelt að ná í kennarann ef maður þarf hjálp.“

„Gott skipulag og góðar skýringar frá kennara. Það er hægt að stóla á hann og hann svarar eiginlega um leið og maður sendir inn verkefni eða spurningar.“

„Námsefnið er krefjandi sem er gott því ég fór í fjarnám þar sem ég hafði alltof lítið að gera í dagskóla. Mér finnst líka gaman að fylgja ákveðnu þema, það gerir áfangann heilsteypari. Mér finnst kennarinn sýna mér frábært aðhald.“

„Lokaprófið gildir mikið sem er krefjandi en að mínu mati alls ekkert verra. Bókin er góð og ótrúlega vel útskýrð af kennara.“

3. Samskipti: Kennarinn er fljótur að svara fyrirspurnum og hann skilar verkefnum fljótt til baka og með góðum útskýringum. Dæmi frá nemendum um það sem vel er gert:

„Það er greinilegt að kennarinn hefur mikinn áhuga á því sem hann er að gera. Er vakinn og sofinn yfir vinnunni. Fæ yfirleitt svar innan nokkurra klukkustunda hvenær sem ég sendi fyrirspurn eða verkefni. Ótrúlega góð þjónusta. Einnig mjög hvetjandi þó maður hafi ekki alltaf tímann til að sinna náminu eins og kennarinn myndi örugglega vilja.“

„Góður kennari og góð umræða.“

„Skýr svör frá kennara og hrós þegar vel gengur, sem er mjög mikilvægt.“

„Kennarinn er með gott samband við nemendur. Heimavinnuskil eru mjög skýr og kemur vel fram hvað maður á að vinna heima hverja viku.“

4. Námsefni: Námsefni er skemmtilegt og lærdómsríkt. Kennslubók og gögn í kennslukerfinu eru góð. Nemendur nefna að gott sé að hafa: Glósur, glærur, talglærur, kennslumyndbönd, töflukennslu og hljóðupptökur. Dæmi frá nemendum um það sem vel er gert:

„Frábær og auðlesin bók ásamt góðu skipulagi kennara.“

„Frábært að byrja strax að undirbúa sig fyrir háskóla með námsefni á ensku.“

„Allt mjög vel sett upp og glósurar góðar.“

„Töflukennslumyndböndin eru fín og finnst manni þá meiri nálægð við kennara og samnemendur. Lesefni er áhugavert svo og kennslubók.“

5. Verkefni: Verkefni eru lærdómsrík og hjálpa til við að ná tökum á námsefninu. Vel útskýrt hvað eigi að gera í verkefnum, hvenær eigi að skila þeim og hvernig. Gagnvirkar æfingar góðar. Dæmi frá nemendum um það sem vel er gert:

„Skipulagið er gott og þannig hefur maður góða yfirsýn yfir skilaverkefni og annað, maður getur treyst því að verkefnin koma alltaf á sama stað og eru öll þar frá byrjun annar, svo maður veit strax hvernig þau eru uppsett, getur skoðað þau almennilega og undirbúið sig fyrir önnina.“

„Kennarinn fylgist mjög vel með, vel gerð verkefni.“

„Skemmtileg skilaverkefni.“

6. Námsáætlun: Námsáætlun er skýr og auðvelt að fara eftir henni. Dæmi frá nemendum um það sem vel er gert:

„Áætlanir fyrir hverja viku eru mjög þægilegar og allt er mjög vel útskýrt, mjög gott að fá glósur úr efninu og skipulagið betra en í öðrum áföngum“

„Mér finnst fyrirmælin/vinnuáætlunin sérlega góð. Það er allt tekið ýtarlega skref fyrir skref hvað á að gera í hverri viku og hvernig. Ég kann mjög vel það. Í fyrirmælunum eru einnig krækjur inná hljóðskrár þær sem þarf að hlusta á.“

7. Sveigjanleiki: Skilafrestur verkefna er sveigjanlegur og vel er komið til móts við nemendur. Dæmi frá nemendum um það sem vel er gert:

„Það er flest allt gert vel í áfanganum. Það er þægilegt hvað það er rúmur skilafrestur á verkefnum í þessum áfanganum.“

„Það sem er vel gert í áfanganum er það að hægt er að nálgast nánast öll dæmin útreiknuð, þannig hægt er að bera saman sínar bækur við dæmin. Einnig það sem mér finnst mjög þægilegt við áfangann að enginn sérstakur skilafrestur er á verkefnunum og því hægt að vinna allt og skila verkefnum þó að maður lendi eitthvað eftir á.“

„Þetta er mjög vel gerður áfangi sem gefur manni frekar frjálssar hendur í hvernig maður vill vinna hann.“

„Ekki neitt, mér finnst þetta mjög skemmtilegur og þægilegur áfangi. Fínt að hafa einn svona áfanga þegar maður getur nokkurn veginn unnið verkefnin þegar maður vill, þetta er mjög frjálst sem er alveg ótrúlega þægilegt.“

Hvað mætti betur fara í áfanganum?

Alls voru 248 nemendur sem svöruðu spurningunni: „Hvað mætti betur fara í áfanganum?“. Tæplega 21% töldu sig ekki geta bent á neitt sem betur mætti fara, það væri allt eins og þeir best gætu hugsað sér. Hinir, rúmlega 79% nemendanna, tiltóku ýmislegt sem þeir töldu að betur mætti fara og voru svör þeirra flokkuð niður eftir áhersluatriðum til að fá sem besta mynd af þeim. Flokkarnir urðu 10, en þeir voru 9 á haustönn 2008. Einum flokki, Námsmat, hefur verið bætt hér við. Flokkarnir nefnast: Kennsla, Kennslubók, Kennslukerfið, Leiðbeiningar, Námsfni, Námsmat, Samskipti, Skipulag, Sveigjanleiki og Verkefni.

Flest þau atriði sem nemendur nefndu sem betur mættu fara, eru á valdi kennara að laga, undanskilin eru þó atriði númer 6 varðandi kennslubækur og númer 7 varðandi kennslukerfið.

Hér kemur umfjöllun um flokkana 10 og fyrstir nefndir þeir flokkar sem flestir tiltóku sem dæmi um það sem betur mætti fara. Einnig eru birt dæmi um umsagnir nemenda, valin af fljótfærni úr fjölmörgum umsögnum sem allar gætu staðið í skýrslu þessari. Texti frá nemendum er tekinn nær óbreyttur (innsláttarvillur lagaðar) og öll atriði sem tiltekinn nemandi nefnir látin standa, þó þau eigi við efni margra flokka.

1. Verkefni: Það þurfa að vera fleiri skilaverkefni og fleiri gagnvirkar æfingar. Alltof mörg verkefni í áfanganum. Gagnvirkar æfingar ekki alltaf með réttar lausnir. Kennari þarf að skila verkefnum fyrir til baka. Kennari mætti gefa nákvæmari umsagnir um verkefni þegar hann skilar þeim. Óljóst hvað á að gera í verkefnum, hvenær á að skila þeim, hvernig á að skila þeim. Vantar meira aðhald með verkefnaskilum. Verkefni tímafrek. Dæmi frá nemendum um það sem betur mætti fara:

„Það mætti opna fyrir verkefni svo nemendur gætu farið a sínum hraða og haft möguleika á að gera verkefni fyrir skiladag.“

”Það mætti fara hraðar yfir verkefnin svo maður haldi sér betur við efnið og viti hvað maður er að gera rétt/vitlaust.“

”Betra skipulag verkefna, hvaða verkefni á að gera og hvenær á að skila.“

”Ekki hafa 1 stórt verkefni sem gildir 50% af einkunnini. Heldur hafa 2 minni.“

”Fleiri gagnvirk verkefni til æfinga og spurningar sem hægt væri að svara eftir hvern kafla.“

”Kannski að setja eitt stykki eða svo af skilaverkefnum í viku, svo að það sé mikilvægara að halda sér við efnið eða ekki missa aftur úr.“

”Mér finnst að það eigi að vera fleiri skilaverkefni svo lokaprófið gildi ekki eins stóran part af lokaekunn eins og það gerir núna.“

”Svolítið mikið af verkefnum sem þarf stöðugt að vera skila.“

”Svolítið mikið stundum sem þarf að skila í hverri viku. Ég á líka stundum í smá erfiðleikum með íslenskuna þar sem ég hef ekki lært hana síðan í 6 bekk grunnskóla.”

”Verkefnum er skilað alltof seint frá kennara.”

”Það mætti koma með fleiri athugasemdir ef það er eitthvað í verkefnunum sem mætti gera betur.”

”Mættu vera ritgerðarspurningar í verkefnunum, og þá er ég að tala um að minnsta kosti 2 línur.”

”Mættu vera föst verkefnaskil hjá okkur svo við höfum alltaf eitthvað að stefna að fyrir vissan tíma. Þetta er látið sitja á hakanum hjá mér og sennilega tek ég törn rétt fyrir próf.”

”Það er mikið af málfarsvillum í gagnvirku verkefnunum og mætti bæta gagnvirku verkefni yfir höfuð.”

2. Leiðbeiningar: Kennari þarf að útskýra betur hvað á að gera, hvernig á að skila verkefnum og hvenær. Dæmi frá nemendum um það sem betur mætti fara:

„Sundurliða það sem á að skila og hverju ekki, skiladagarnir ekki nóg og skýrir.“

„Hefði viljað betri útskýringar á mörgum verkefnum.“

„Vikuáætlunin og gagnvirku prófin stangast aðeins á, t.d. eru nokkrar spurningar í vikuprófi 7 úr lesefni viku 8 og þess háttar. Mætti vera spurningar úr hverjum kafla til þess að efnið festist betur.“

„Útskýra betur hvar og hvað maður á lesa fyrir hvert verkefni og fyrir hvaða viku en annars voða fátt annað.“

3. Samskipti: Lítil sem engin samskipti eru við kennara. Kennari þarf að svara pósti fyrr og vera hjálplegri þegar hann svarar. Kennari hvetur nemendur ekki til að taka þátt í umræðum, spyr ekki hvernig gangi og hrósar ekki fyrir vel unnin verkefni. Kennari þarf að skila verkefnum fyrr. Dæmi frá nemendum um það sem betur mætti fara:

„Að kennari svari tölvupósti fljótar. Að skýringar á erfiðum hlutum í náminu séu betri.“

„Kennarar mættu vera duglegri að svara póstum og þeir setja ekki reglulega inn einnkunnir fyrir verkefnaskil sem mér finnst mjög slæmt.“

„Kennari mætti t.d. svara póstum.“

„Mér finnst galli að það eru engin skilaverkefni, ég er búin að vera í áfanganum frá því í janúar, og hef engin samskipti við kennarann, engin verkefnaskil. Mér finnst gott að gera verkefni, skila og fá svörun við þeim.“

„Það mega vera einhver verkefni, við eigum bara að lesa í bókinni og lesa glósurnar á netinu annað ekki. Svo segir hann að það sé nauðsynlegt að gera verkefni í bókinni til að standa sig vel á prófi, en við gerum þau t.d. bara sjálf, það eru engin verkefnaskil sem ég er ekki að *fil*a því ég á erfitt með að læra þetta og ég þarf að gera þessi verkefni og fá að vita hvort ég sé að gera þau rétt eða ekki. Hann sendir eiginlega aldrei ef nokkurn tíman inn eitthvað inn á WebCT!“

„Kennari virðist áhugalaus um fjarnemendur sína. Veit ekki hvort mitt umræðukerfi er bilað en hef ekki séð neinar umræður frá kennara fyrir utan rétt í byrjun áfangans. Setti inn spurningu í umræðuvef um skilaverkefni og veit að aðrir gerðu það líka, nokkrar vikur eru liðnar síðan og skiladagur verkefnis er liðin - hef ENN ekkert svar fengið og ekki séð nein svör við öðrum spurningum sem settar voru inn. Í dag sé ég svo skilaboð frá kennara um að verkefnaskil gangi vel og að nemendur standi sig vel - á sama tíma og þessi könnun fer í gang! Finnst kennarinn eiga að fá algjöra fallelkun.“

„Mætti vera meira um umræður. Einnig hafa komið spurningar í skilaverkefnum sem láta mig halda að ég sé ekki með sömu bók og kennarinn.“

4. Skipulag: Skipulagið er óskýrt. Ekki ljóst hvað á að gera eða hvaða verkefnum á að skila. Erfitt að finna leiðbeiningar og skilaverkefni. Kennari setur ekki inn efni á þeim tíma sem hann segist ætla að gera. Dagsetningar frá fyrri önnum rugla. Dæmi frá nemendum um það sem betur mætti fara:

„Skipulag ekki nógu gott. Kennari lengi að fara yfir verkefni og lengi að svara fyrirspurnum.“

„Þetta er mjög illa skipulagt og ég veit ekki hvað ég að vera búin að gera í áfanganum.“

„Skipulagið í hverri viku s.s. verkefni eru dálítið ruglandi.“

„Hafa dagsetningar yfir hvenær maður á að skila hverju verkefni aðeins augljósari. Þurfti að leita mjög vel að því hvað væri námsefnið í þessum áfanga og hvort það væri lokapróf og þannig.“

„Vikuáætlanir mættu vera í *learning modules* en ekki námsgögnum, mér finnst það betur skipulagt þegar þetta er þar. Það mætti hafa aðeins minna að gera í hverri viku svo maður sé ekki að rembast að komast yfir námsefnið en geti bara einbeitt sér að skilja og gera vel.“

„Eitt atriði sem kemur þessu ekki beint við, en af hverju er ekki hægt að láta öll verkefnaskil beint inná dagatalið mitt þegar kennarar setja það fyrir? Það væri mun þægilegra að geta séð þetta allt saman í einu dagatali og sjá þar einnig vikuplan í hverju fagi fyrir sig.“

„Lítið af efni á vefnum sem hægt er að nálgast. Námsáætlun merkt sem haust 2008 og ég beið í marga daga eftir að fá rétta námsáætlun sem var í raun rétt allan tímann.“

5. Námsfni: Námsfni of mikið. Laga námsfni, það eru villur í því. Námsfni opnast ekki. Vantar glósur, glærur, lausnir við verkefni, talglærur, töflukennslu. Dæmi frá nemendum um það sem betur mætti fara:

„Mætti hafa einhverjar glósur með textunum, það tekur rosalegan tíma að lesa þessa texta og fletta orðunum upp.“

„Mér finnst námsefnið voða lítið og mér finnst ég ekki læra nóg. En það er örugglega vegna þess að maður er vanur að hafa kennara alltaf yfir sér.“

„Mér finnst rosalega mikið að lesa og þetta er mikið lesefni finnst mér.“

„Minna af "óþörfu" efni.“

„Mér finnst rosalega mikið efni í þessum áfanga miðað við að kennslubókin er á ensku. Ég persónulega er komin talsvert eftir á í efninu en reyni að vinna mig upp eins og ég get. Þetta er stórt stökk að fara allt í einu að læra á ensku.“

6. Kennslubók: Kennslubókin er slæm. Kennslubók er ekki á íslensku. Dæmi frá nemendum um það sem betur mætti fara:

„Mér finnst alveg eins hægt að sleppa þessari bók og geta notast bara við glærurnar. Hún er frekar ruglingsleg. En mér finnst verkefnin frekar illa útskyrð.“

„Allt. Kennslubókin er mjög léleg og því er námsefnið mjög lélegt.“

„Bókin er frekar slöpp, erfitt að skilja um hvað er verið að tala án þess að skoða útskýringarnar á netinu.“

„Bókin getur verið svolítið ruglingsleg, hvað eru mikilvægu atriðin og hvað ekki er erfitt að finna út.“

„Hafa kennslubók á íslensku en ekki á ensku.“

„Mætti finna aðra kennslubók. Það eru villur í henni og hún er mjög illa unnin.“

7. Kennslukerfið: WebCT er flókið og það mætti vera á íslensku. Dæmi frá nemendum um það sem betur mætti fara:

„Áfanginn er mjög góður, en það mætti bæta WebCT kerfið.“

„Gott tölvukerfi.“

„Hef ekki náð að tileinka mér næganlega tæknilegar hliðar námsins s.s. að senda verkefni á WebCT vefnum reyndi nokkrum sinnum gafst upp.“

„Kennslukerfið ætti að vera á íslensku.“

„Kerfið bilar oft....þegar ég er að skila verkefnum...og því missi ég alltaf af skilfrestinum og fæ því sjálfkrafa 0!!!“

8. Námsmat: Vægi lokaprófs er of mikið, verkefnin mættu gilda meira af lokaeinkunn. Dæmi frá nemendum um það sem betur mætti fara:

„Mér finnst að það eigi að vera fleiri skilaverkefni svo lokaprófið gildi ekki eins stóran part af lokaeinkunn eins og það gerir núna.“

„Það mætti vera meiri kröfur um skil í áfanganum, þar sem það er 0% sem maður fær fyrir skil og prófið 100%. Og betri útskýringar.“

„Lokaprófið ekki 100% , hafa það frekar 70% og hafa svo verkefnaskil 30%.“

„Mér finnst 100% próf ekki sanngjarnt. Þá segja bara þessar mínútur hvernig þér gekk í öllum áfanganum. Það fer allt eftir hvernig þú ert stödd/staddur þennan dag, ef þetta er slæmur dagur þá er ekkert annað til þess að tosa þig upp.“

„Það er 100% próf og það er mjög slæmt, betra að hafa fleiri verkefnaskil yfir allt árið“

9. Kennsla. Vantar meiri kennslu, þyrftu að vera staðbundnar lotur. Dæmi frá nemendum um það sem betur mætti fara:

„Kennarinn mætti setja í *announcements* eða senda póst hvert maður á að vera kominn í vinnubókinni reglulega. Það ættu að vera vinnutímar í áfanganum þar sem nemendurnir hitta kennarann fyrir prófið allavegana 2 sinnum.“

„Ég sakna þess svoltið í fjarnáminu og þá ekki bara frönskunni, að geta ekki fylgst með einum og einum bekkjartíma í faginu, t.d. gegnum fjarfundarbúnað eða myndskrá. Það gefur alltaf visst mikið að finna að maður er ekki alveg einn að berjast.!

„Gott væri að hafa þann möguleika að fá aukatíma hjá þeim kennara sem kennir fjarnámsáfangann.“

„Hafa einhverja stoðtíma þó það væri ekki nema einu sinni í mánuði því sumt getur maður bara ekki skilið í gegnum netsamband.“

10. Sveigjanleiki. Skilatími verkefna þarf að vera sveigjanlegri. Sumum finnst þó ókostur að hafa sveigjanleikann of mikinn. Dæmi frá nemendum um það sem betur mætti fara:

„Engin tímasett verkefnaskil sem gerir manni erfiðara fyrir að stunda námið reglulega.“

„Finnst stuttur skilafresturinn úr miklu lesefni, sérstaklega fyrir (eins og t.d. mig) fólk sem les hægt og/eða er lesblint.“

„Hafa skil á verkefnum, þetta fær mann ekki til að vilja vinna jafnt og þétt yfir önnina heldur taka þetta allt í einni törn. Með verkefnaskilum væri maður skyldugur til að læra jafnt og þétt yfir önnina. MJÖG MIKILVÆGT“

Fjarnám og fjarkennsla í VÍ

Þegar bornar eru saman niðurstöður úr könnunum á gæðum fjarnáms og fjarkennslu frá vorönn 2009 og haustönn 2008 eru nokkur atriði sem vekja eftirtekt: Þátttaka eykst á milli anna, mat nemenda á vinnu í áföngum virðist breytast og fleiri meta svörun kennara *innan tveggja virkra daga* núna en á síðustu önn.

Það eru auðvitað vonbrigði hversu dræm þátttakan í þessari könnun varð og hægt að spyrja margra spurninga í því sambandi: Var of langt liðið á önnina þegar könnunin var lögð fyrir? Var framkvæmdin of flókin? Endurspeglar þessi dræma þátttaka áhugaleysi fjarnemenda á fjarnáminu? Huggun er þó að þátttakan á vorönn 2009 varð mun meiri en á haustönn 2008 og gefur það til kynna að matshefðin sé að festa sig í sessi meðal fjarnemenda skólans.

Það vekur athygli að nemendur á vorönn 2009 meta vinnu sína í áföngum að meðaltali á viku hverri minni, en á haustönn 2008. Hvort þessi niðurstaða er vísbending um að nemendur slái slöku við eða ekki, skal ósagt látið núna, en athyglisvert verður að bera þetta saman við niðurstöður úr sambærilegri könnun sem gerð verður á næstu haustönn.

Nemendur á vorönn 2009 gefa kennurum mun betri vitnisburð um svörun við erindum (í umræðum eða pósti) en þeir gerðu á haustönn 2008. Rúmlega 20% fleiri nemendur segja að kennarar svari erindum innan tveggja virkra daga núna en á síðustu haustönn.

Þó þátttaka í könnun um gæði fjarnáms og fjarkennslu hafi verið frekar dræm á þessari önn, má til sanns vegar færa að þeir fjarnemendur sem tóku þátt, hafi gert það af einlægni og skilað okkur gagnlegum niðurstöðum. Við þurfum að taka ábendingar þeirra alvarlega og líta á það sem þeir eru ánægðir með sem hvatningu um að við séum á réttri leið. Ábendingar fjarnemenda um það sem betur mætti fara eru vel þagnar, því þar liggja tækifærin okkar til að gera enn betur.

Reykjavík, 11. apríl 2009

*Sigurlaug Kristmannsdóttir
Fjarnámsstjóri Verzlunarskóla Íslands*

Viðauki 1

Könnun um gæði fjarnáms og fjarkennslu, lögð fyrir fjarnemendur VÍ á haustönn 2008 var svohljóðandi:

1. Mér finnst vinnan í áfanganum:
 1. mjög mikil
 2. mikil
 3. hæfileg
 4. lítil
 5. of lítil
2. Vinnan í áfanganum að meðaltali í viku hverri er:
 1. 1-3 tímar
 2. 3-5 tímar
 3. 5-7 tímar
 4. 7-9 tímar
 5. meira en 9 tímar
3. Mér finnast verkefnaskil í áfanganum:
 1. mjög mikil
 2. mikil
 3. hæfileg
 4. lítil
 5. of lítil
4. Mér finnst kennslubók áfangans:
 1. mjög góð
 2. góð
 3. sæmileg
 4. léleg
 5. mjög léleg
5. Mér finnast gögn sem eru í kennslukerfinu:
 1. mjög góð
 2. góð
 3. sæmileg
 4. léleg
 5. mjög léleg

6. Mér finnast útskýringar kennara á námsefninu:
 1. mjög góðar
 2. góðar
 3. sæmilegar
 4. lélegar
 5. mjög lélegar
7. Mér finnst skipulag áfangans í kennslukerfinu:
 1. mjög gott
 2. gott
 3. sæmilegt
 4. lélegt
 5. mjög lélegt
8. Þegar ég sendi kennara bréf (í umræðum eða pósti) í kennslukerfinu, þá svarar hann að jafnaði:
 1. innan tveggja virkra daga
 2. innan þriggja virkra daga
 3. innan fjögurra virkra daga
 4. innan fimm virkra daga
 5. eftir fleiri en fimm virka daga
9. Hvað er vel gert í áfanganum?
10. Hvað mætti betur fara í áfanganum?

Viðauki 2

Tölulegar niðurstöður úr könnunum um gæði fjarnáms og fjarkennslu, sem lagðar voru fyrir fjarnemendur VÍ á haustönn 2008 og vorönn 2009. Gildi sem skera sig úr á milli anna eru lituð græn.

Pátttaka í könnun	H08		V09	
Mat á áföngum	193		389	
% áfanga	11		20	
Mér finnst vinnan í áfanganum	H08 (%)		V09 (%)	
Mjög mikil	18,0	43,4	10,9	40,3
Mikil	25,4		29,5	
Hæfileg	54,0	54,0	55,0	55,0
Lítill	1,1		3,4	
Of lítill	1,6	2,6	1,3	4,7
Vinnan í áfanganum að meðaltali í viku hverri	H08 (%)		V09 (%)	
1-3 klst	13,2	46,6	27,9	57,0
3-5 klst	33,3		29,2	
5-7 klst	31,7	31,7	25,5	25,5
7-9 klst	16,4		12,5	
Meira en 9 klst	5,3	21,7	4,9	17,4
Mér finnst verkefnaskil í áfanganum	H08 (%)		V09 (%)	
Mjög mikil	4,3	15,4	4,4	15,6
Mikil	11,2		11,2	
Hæfileg	67,6	67,6	67,3	67,3
Lítill	11,2		6,8	
Of lítill	5,9	17,0	10,4	17,1
Mér finnst kennslubók áfangans	H08 (%)		V09 (%)	
Mjög góð	24,2	58,1	16,7	55,9
Góð	33,9		39,2	
Sæmileg	32,8	32,8	30,0	30,0
Léleg	5,4		9,9	
Mjög léleg	7,5	12,9	4,2	14,1
Mér finnst gögn sem eru í kennslukerfinu	H08 (%)		V09 (%)	
Góð	26,5	63,5	36,6	63,6
Mjög góð	37,0		27,0	
Sæmileg	25,9	25,9	26,2	26,2
Léleg	10,1		8,4	
Mjög léleg	0,5	10,6	1,8	10,2
Mér finnst útskýringar kennara á námsefninu	H08 (%)		V09 (%)	
Mjög góðar	31,4	60,5	24,0	61,9
Góðar	29,2		37,9	
Sæmilegar	25,4	25,4	26,9	26,9
Lélegar	11,4		8,4	
Mjög lélegar	2,7	14,1	2,9	11,2
Mér finnst skipulag áfangans í kennslukerfinu	H08 (%)		V09 (%)	
Mjög góðar	24,3	65,6	23,2	67,4
Góðar	41,3		44,1	
Sæmilegar	24,3	24,3	20,4	20,4
Lélegar	6,3		9,7	
Mjög lélegar	3,7	10,1	2,6	12,3
Þegar ég sendi kennara bréf (í umræðum eða pósti) í kennslukerfinu, svarar hann að jafnaði	H08 (%)		V09 (%)	
innan tveggja virkra daga			51,9	62,9
innan þriggja virkra daga			22,4	20,3
innan fjögurra virkra daga			8,7	7,7
innan fimm virkra daga			8,7	3,3
eftir fleiri en fimm virka daga			8,2	5,8